

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 29. mars 2023
Málsnúmer: DSS202303-0123/0.09

Efni: Umsögn dómstólasýslunnar um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu sammingsviðauka nr. 16 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Með bréfi allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til dómstólasýslunnar, dags. 14. mars sl. sendi nefndin dómstólasýslunni til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu sammingsviðauka nr. 16 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 (mannréttindasáttmála Evrópu), 207. mál.

Að mati dómstólasýslunnar er mikilvægt að fullgilda sammingsviðauka nr. 16 við mannréttindasáttmála Evrópu og leiða í samræmi við hann í lög ákvæði um öflun ráðgefandi álits frá Mannréttindadómstólnum. Með því má stuðla að því að við úrlausn mála á áfrýjunarstigi liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um þjóðréttarlegar skuldbindingar samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu. Taka þyrfti afstöðu til þess við lagasetningu hvort bæði Landsréttur og Hæstiréttur geti leitað slíks álits eða hvort heimild til þess yrði bundin við Hæstarétt.

Virðingarfyllst,

Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri

